

**209. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
8. febrúar 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Gísliína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Guðrún Gísladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Guðný Birna Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Jónas Kári Eiríksson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Ívar Orri Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Vilborg Guðný Valgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2302028 - Sumarleyfi leikskólanna 2023**

Fjallað um sumaropnun leikskólanna á Akranesi 2023 - erindi frá leikskólastjórum. Áheyrnarfulltrúar leikskólanna sitja fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að sumarleyfi leikskólanna sumarið 2023 verði fjórar vikur og að lokað verði frá 10. júlí til og með 4. ágúst.*

Áheyrnarfulltrúar leikskólanna víkja af fundi.

**2. 2302030 - Íþrótt- og tómstundamál**

Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍA og Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja sitja fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Guðmundu og Daníel fyrir gagnlegar umræður um íþróttamál og áhugaverðar upplýsingar um fjölda iðkenda hjá Íþróttabandalagi Akraness.*

Guðmunda og Daníel víkja af fundi.

**3. 2302029 - Skóladagatal grunnskólanna 2023-2024**

Skóladagatal grunnskólanna fyrir skólaárið 2023 - 2024 lagt fram til staðfestingar. Áheyrnarfulltrúar grunnskólanna sitja fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu að skóladagatali fyrir skólaárið 2023 - 2024.*

**4. 2211125 - Kynfræðsla - bæjarstjórn unga fólksins**

Ívar Orri Kristjánsson forstöðumaður Þorpsins og áheyrnarfulltrúar grunnskólanna sitja fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir málefnalegt erindi og leggur til að tekið verði saman yfirlit yfir þá kynfræðslu sem börn og ungmenni fá í skóla- og frístundastarfi á Akranesi. Verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði falið að vinna málið áfram í samstarfi við skólastjórnendur og ungmennaráð.*

*JMS*

**5. 2211126 - Sundkennsla og skólamötuneyti - bæjarstjórn unga fólksins**

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góðar og málefnalegar ábendingar varðandi fyrirkomulag sundkennslu og skólamötuneyti. Ráðið hvetur ungmennaráð og skólastjórnendur til að eiga frekara samtal um erindið. Skóla- og frístundaráð telur mikilvægt að taka aftur upp umræðu um fyrirkomulag skólamötuneyta hjá Akraneskaupstað.

Áheyrnarfulltrúar Brekkubæjarskóla og Ívar Orri Kristjánsson víkja af fundi.

**6. 2209003 - Grundaskóli - húsnæðismál 2022**

Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri og Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Sigurði Arnari Sigurðssyni skólastjóra Grundaskóla fyrir erindið og vísar málinu til frekari úrvinnslu á skipulags- og umhverfissviði. Sviðsstjóra falið að fylgja málinu eftir.

Áheyrnarfulltrúa Grundaskóla víkja af fundi.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.**

Jónína Marjón Sigmundsdóttir  
 Einar Braundsson  
 hvi 2x Skarstad  
 Annun Hjörtsdóttir  
 Dagný Hauksdóttir